

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni.

1. gr.

Frá 7. maí eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64° 17'21.6 N — 12° 46'52.1 V
2. 64° 06'59.7 N — 13° 03'15.2 V
3. 64° 02'53.5 N — 13° 13'12.0 V
4. 64° 10'13.8 N — 13° 20'22.7 V
5. 64° 35'17.7 N — 12° 55'49.0 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. maí 1987.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

Umferð á Græðisbraut og Flötum víkur fyrir umferð á Vesturvegi. Á gatnamótum Græðisbrautar og Vesturvegar og Flata og Vesturvegar skal setja upp biðskyldumerkið A-6 í samræmi við framangreinda ákvörðun.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, 29. apríl 1987.

Jón Ragnar Þorsteinsson, settur.